

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar, nr. 473/2002.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 51. gr. samþykktarinnar:

a) 5. tl. A-kafla samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Menningarmálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hefur frumkvæði að tillögugerð á þeim vettvangi. Safnamál og málefni félagsheimilanna heyra undir menningarmálanefnd. Menningarmálanefnd fer auk þess með bókasafnsmál sbr. 7. gr. laga nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, lög nr. 66/1995, um grunnskóla, og samning um bókasafn Eyjafjarðarsveitar dags. 2. febrúar 1999.

b) 6. tölul. verður svohljóðandi:

Skipulagsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með skipulagsmál sbr. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsnefnd gegnir einnig hlutverki umferðarnefndar sbr. heimild til skipan slíkrar nefndar í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

c) 10. tölul. verður svohljóðandi:

Umhverfisnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum og skal hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á sviði umhverfismála í samræmi við samþykta umhverfisstefnu eins og hún er á hverjum tíma.

d) 12. tölul. fellur brott.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.